



FUNDARGERÐ – STJÓRNARFUNDUR

Fundarstaður: Skrifstofur ÍAV Höfðabakki 9
Dagsetning: 29. október 2010
Fundarmenn: Smári Þorvaldsson, SP
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, ÁS
Eyjólfur Bjarnason, EB
Jóhanna B. Hansen, JBH
Magnús K. Sigurjónsson, MKS

1. Kynning stjórnarmanna

Á þessum fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar NBD á Íslandi, bað formaðurinn Smári Þorvaldsson, fundarmenn að kynna sig. Meðal annars kom fram að menntun og núverandi starfsvettvangur þeirra er eftirfarandi:

Smári Þorvaldsson, verkfræðingur, deildarstjóri hjá Sweco AS / Verkfræðstofunni Kletti
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt, deildarstjóri á bygginga- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar
Eyjólfur Bjarnason, verkfræðingur, gæðastjóri hjá ÍAV (Íslenskum aðalverktökum)
Jóhanna B. Hansen, verkfræðingur, bæjarverkfræðingur Mosfellsbæjar, Mosfellsbæ
Magnús K. Sigurjónsson, arkitekt, verkefnastjóri / vefstjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins

2. Viðfangsefni NBD

Formaður lýsti starfsemi NBD í megindráttum, hvernig NBD varð til, eðli og þróun starfseminnar. Mjög gott yfirlit yfir starfsemina til þessa er í nýútkomu riti sem stjórnarmönnum hefur verið afhent. Mesti kraftur í starfsemi NBD virðist vera í Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi en minni í Noregi og Danmörku. NBD er að því leyti einstakt að það er faglegur samstarfs- og umræðuvettvangur allra aðila innan mannvirkjagerðar, opinberra og einkaaðila.

3. Skipting stjórnarstarfa

Að tillögu formanns var ákveðið að stjórnin skipti með sér störfum þannig að Eyjólfur Bjarnason verður gjaldkeri og Magnús K. Sigurjónsson ritari.

4. Ástand byggingariðnaðarins

Rætt var um ástandið sem er í byggingariðnaðinum, þar sem verkefnaskortur og atvinnuleysi er gríðarlega mikið. Horfur eru einnig mjög slæmar og mikið um að fólk leyti fyrir sér um störf erlendis.

5. Atburðir, starfsáætlun og hugmynd um ráðstefnuefni

Fram kom að ráðsfundur verður haldinn á Álandseyjum í apríl/maí og næsta ráðstefna á vegum NBD verður í Helsinki í september 2011. Gert er ráð fyrir að NBD ráðstefna verði á Íslandi árið 2015 og meginverkefni stjórnarinnar verður að undirbúa hana. Rætt var um að halda innanlandsráðstefnu, seminarium, næsta vor þar sem umfjöllunarefni væri áhrif samdráttarins á mannvirkjagerð og hugsanlegar afleiðingar.

6. Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur er fyrirhugaður í janúar/febrúar 2011.